

anna, en yfirdómurinn verður að álíta, að brot þetta heyri undir 249. gr. í tjeðum lögum, og virðist hegning hins ákærða þá hæfilega metin til 3×5 daga fangelsis við vatn og brauð. Hinum ákærða hefur og verið gefið að sök, að hann í áminnstri kaupstaðarferð hafi stolið rullubita; en yfirdómurinn verður að vera undirdómaranum samdóma í því, að þetta sje engan veginn nægilega sannað gegn neitun hins ákærða. Hinum ákærða ber að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 krónur til hvors.

Meðferð málsins í hjeradi og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærða Ögmund Ögmundsson ber að setja 3×5 daga í fangelsi við vatn og brauð. Svo borgi hann og allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Guðmundssonar og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors í málsfærslulaun.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 15. marzmán.

Nr. 21/1874: W. O. A. Löwe kaupmaður
í Liverpool
gegn
Magnúsi sjálfseignarbónda
Jónssyni.

Dómur.

Sumarið 1873. Þantaði gagnáfrýjandi máls þessa,

Magnús Jónsson, óðalsbóndi og verzlunarforstjóri á Bráðræði, hjá W. O. A. Löwe, kaupmanni í Liverpool, sem er aðaláfrýjandi málsins, saltfarm og nokkrar aðrar vörur, er svaraði samtals hjer um bil 20 lestum, og í miðjum ágústmánuði sama sumar kom skonnertskipið Reaper, er ber 81 tons, hingað, gjört út af aðaláfrýjandanum, og hafði að færa vörur þær, er gagnáfrýjandinn hafði pantað, en þar að auki salt, sem var ætlað öðrum nafngreindum kaupmönnum eða verzlunarforstjórum í Reykjavík og Hafnarfirði, og var þannig saltfarmur sá, er Reaper hafði innanborðs, helmingi meiri, en salt það, er gagnáfrýjandinn hafði beðið um. Þegar til kom, vildu verzlunarstjórar þeir, sem salt þetta var ætlað, ekki veita því móttöku, þó að gagnáfrýjandinn skoraði á þá með nóttórialgjörð að taka við því; ljet gagnáfrýjandinn þá flytja það í land og leggja það í hús, til þess — eptir því, sem hann ber fram — að selja það smátt og smátt fyrir hönd aðaláfrýjandans, allt á kostnað hans, og ritaði síðan aðaláfrýjandanum, hvernig farið hefði. Í desembermánuði s. á. ljet aðaláfrýjandinn kalla gagnáfrýjandann fyrir sáttanefnd út af verzlunarviðskiptum þessum, og krafðist borgunar á £ 201—7 með 10% vöxtum, þangað til borgun skeði; en þó að sæltir ekki kæmust á, var málinu ekki fylgt lengra fram að sinni. Um árslokinn 1873 borgaði gagnáfrýjandinn aðaláfrýjandanum 1000 rd. upp í skuld sína; en með því að ágreiningur varð milli þeirra um upphæð þá, sem eptir stóð, höfðaði aðaláfrýjandinn haustið 1874, að undangenginni nýrri sáttatilraun, mál móti gagnáfrýjandanum til borgunar á £ 89—17—9, með 6% vöxtum frá 7. desembermán. 1873, þangað til borgun skeði. Gagnáfrýjandinn reiknaði aptur á móti skuld sína að eins 570 rd. 76 sk., og gagnsótti þar að auki aðaláfrýjandann um 60 rd., er hann þóttist eiga hjá

aðaláfrýjandanum fyrir 2 tunnur af kjöti, er hann hefði sent honum haustið 1871, en ekki fengið borgaðar; þá 510 rd. 76 sk., er þannig yrði hin sanna skuld, bauðst gagnáfrýjandinn til að borga, án vaxta. Með dómi, upp kveðnum í máli þessu fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur 3. desembermán. f. á., var gagnáfrýjandinn dæmdur til að borga aðaláfrýjandanum 570 rd. 76 sk., en málspartarnir að öðru leyti dæmdir sýknir hvor af annars kærnum og kröfum, og málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefur málaflutningsmaður Jón Guðmundsson, sem umboðsmaður kaupmanns W. O. A. Löwes, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 31. desembermán. f. á., og haldið fram hinum sömu rjettarkröfum, sem fyrir undirrjettinum. Með gagnstefnu, dags. 18. janúarmán. þ. á., hefur óðalsbóndi Magnús Jónsson gagnáfrýjað nefndum hjeraðsrjettardómi, og sömuleiðis krafizt hins sama sem fyrir undirrjettinum, og enn fremur, að mótpartinum verði alvarlega refsað fyrir ýms ærumeidandi ummæli hans, bæði í hjeraði og fyrir yfirdóminum. Loksins hafa báðir málspartar krafizt, að mótparturinn verði dæmdur til að borga málskostnað fyrir báðum rjettum.

Aðaláfrýjandinn byggir kröfu sína á kontókúranti (reikningi), dags. 6. nóvembermán. 1873; er gagnáfrýjandanum þar reiknaður allur saltfarmurinn til skuldar, án þess að greinarmunur sje gjörður á þeim hluta hans, sem gagnáfrýjandanum var ætlaður, og hinum hluta hans, sem var ætlaður öðrum. Eftir reikningi þessum er öll skuldin £ 789—1—1, en þar frá dragast £ 587—14—1, er gagnáfrýjandinn var búinn að borga; reiknast því skuld hans eftir kontókúrantinum £ 201—7. Upp í þetta er seinna borgað 1000 rd., svo að það, sem aðaláfrýjandinn þykist eiga heimtingu á, verður £ 89—17—9. Gagnáfrýjandinn hefur aptur á móti

haldið því fram, að sjer beri að eins að borga þann hluta saltfarmsins með Reaper, sem hann hafði pantað, og honum var ætlaður, með þeirri upphæð, sem á hann er sett í kontókúrantinum; en fyrir þann hluta saltfarmsins, sem öðrum var ætlaður og sem hann tók að sjer til sölu fyrir hönd og á kostnað aðaláfrýjandans, álitur hann sjer að eins skylt að standa skil á andvirði því, sem hann hefur fengið fyrir saltið, að frá dregnum kostnaði sínum og ómakslaunum. Þessi hluti saltsins er, að sögn gagnáfrýjandans, og því er ekki mótmælt, færður honum til skuldar í kontókúrantinum með £ 143—4—5, sem hann því álitur að eigi að dragast frá áður á minnstum £ 201—7; verði þá skuld sín eptir kontókúrantinum að eins £ 58—2—7, en þar við bætist andvirði salts þess, er hann hafði selt fyrir hönd aðaláfrýjandans, að frá dregnum kostnaði og ómakslaunum, 1049 rd. 42 sk.; þar upp í hafi hann borgað um árslokin 1873 1000 rd., svo að skuld sín út af verzlunarviðskiptum þessum, sje nú að eins £ 58—2—7 + 49 rd. 42 sk. = 570 rd. 76 sk.

Það verður að álitast in confesso meðal málspartanna, að einungis helmingurinn af saltfarmi þeim, sem hjer er umtalsefni, hafi verið ætlaður gagnáfrýjandanum; því þó að aðaláfrýjandinn vilji hjer fyrir rjettinum halda því fram, að allur saltfarmurinn hafi verið ætlaður gagnáfrýjandanum, þá verður því enginn gaumur gefinn, þar sem aðaláfrýjandinn í sáttakæruskjali sínu 7. desembermán. 1873 með berum orðum hefur játað hið gagnstæða, er hann kemst svo að orði: «jafnmikið af salti, fram yfir það, sem Magnúsi var ætlað, eða hann hafði pantað, var og aldrei honum sent, nje til hans «destinerað», heldur til annars nafngreinds kaupmanns»; eins og líka það atvik, að aðaláfrýjandinn hefur álitnið sjer skylt, að endurgjalda gagnáfrýjandanum kostnaðinn af

nótórial-gjörðum þeim, sem nefndar eru hjer að fram-
an, ljóslega sannar hið sama. Hinn helmingur salt-
farmsins var þannig gagnáfrýjandanum óviðkomandi, og
það atvik, að þeir, sem hann var ætlaður, ekki vildu
veita honum móttöku, gat ekki gjört neina breyt-
ingu þar á. Þar sem gagnáfrýjandinn samt sem áður
ljét flytja saltið í land og leggja það í hús, þá verður
ekki, gegn neitun gagnáfrýjanda, leitt annað út af því, en
að hann hafi gjört þessar ráðstafanir sem óbeðinn um-
boðsmaður (negotiorum gestor) aðaláfrýjandans, til þess
að firra hann fjártjóni, enda virðast allar kringumstæð-
ur, er fyrir hendi voru, að hafa gefið honum fullt til-
efni og fulla heimild til að breyta, eins og hann gjörði;
gagnáfrýjandinn ber líka fram, að hann þegar í stað
hafi skýrt aðaláfrýjandanum frá þessum aðgjörð-
um sínum, og hann fallizt á þær; en þessu hefur að-
aláfrýjandinn ekki neitað. Að gagnáfrýjandinn hafi
seinna skuldbundið sig til að borga salt þetta með
þeirri upphæð, sem opt nefndur kontókúrant hljóðar
um, er ekki sannað af aðaláfrýjandanum gegn neitun
gagnáfrýjandans, og sjer í lagi verður engin slík skuld-
binding leidd út af brjefi gagnáfrýjandans 7. desember
1873 (rjettarskjal að nr. 2). Þar eð þannig verður að
álíta, að gagnáfrýjandinn hafi með fullri heimild tekið
hið umtalaða salt að sjer, ekki sem sína eign, heldur
sem eign aðaláfrýjandans, til þess að selja það fyrir
hans hönd sem óbeðinn umboðsmaður, og aðaláfrýjand-
inn hins vegar ekki hefur leitt nein rök að því, að
gagnáfrýjandanum hafi í neinu misfarizt með þetta um-
boð sitt, þá verður gagnáfrýjandanum ekki gjört að
svara aðaláfrýjandanum meiru fyrir þennan hluta salt-
farmsins, en andvirði því, sem hann seldist fyrir, og
sem aðaláfrýjandinn ekki hefur athugað neitt við; eins
og gagnáfrýjandinn á hinn bóginn hefur fulla heimting

á, að fá kostnað sinn og ómakslaun endurgoldið með þeirri upphæð, sem hann hefur reiknað sjer, og sem aðaláfrýjandinn heldur ekki hefur fundið neitt athuga-vert við. Yfirdómurinn verður þannig að adhyllast þá skoðun undirdómarans, að aðaláfrýjandinn geti ekki krafizt hjá gagnáfrýjandanum út af þessum saltviðskiptum þeirra meira en þeirra 570 rd. 76 sk., sem gagnáfrýjandinn hefur játað að sjer beri að greiða, enda hefur aðaláfrýjandinn ekki fundið neitt sjerstaklega að útreikningi gagnáfrýjandans á þessari upphæð.

Að því er snertir gagnkröfu gagnáfrýjandans, ber þess fyrir fram að geta, að þar sem aðaláfrýjandinn principaliter hefur krafizt, að gagnkröfunni verði vísað frá undirrjettinum, þá verður þessi rjettarkrafa aðaláfrýjandans þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina, að hann ekki hefur áfrýjað undirrjettardóminum til ómerkingar að þessu leyti. Gagnkrafa þessi er í því fólgin, að gagnáfrýjandinn telur sig eiga hjá aðaláfrýjandanum 60 rd. fyrir 2 tunnur af kjöti, er hann hafi sent aðaláfrýjandanum haustið 1871, og ekki enn fengið borgaðar, og hefur undirdómariinn dæmt aðaláfrýjandann sýknan af þessari kröfu, af þeirri ástæðu, að hún sje ekki sönnuð gegn neitun hans. Það er nú að vísu svo, að gagnáfrýjandinn hefur ekki fært neinar sannanir fyrir þessari kröfu sinni, en hins vegar hefur aðaláfrýjandinn að eins krafizt fyrir undirrjettinum, að henni verði vísað frá dómi, en ekki mótmælt kröfunni sjálfri með berum orðum, heldur einungis sagt um hana, að hún væri «ósönnuð», og látið í ljósi efa um, «hvort nokkur fótur eða hæfa væri fyrir sjálfri henni eða ekki». Þessi almennu ummæli aðaláfrýjandans um kröfu gagnáfrýjandans virðast ekki hafa gefið gagnáfrýjandanum neitt tilefni til að koma fram með frekari sannanir fyrir henni, og ber því að taka hana til greina sem ómótmælt.

Samkvæmt öllu því, sem að framan er greint, ber að dæma gagnáfrýjandann til að greiða aðaláfrýjandanum 510 rd. 76 sk. eða 1021 kr. 58¹/₂ aura, og getur ekki orðið umtalsmál um vexti af þessari upphæð, þar sem gagnáfrýjandinn þráfaldlega hefur boðizt til að borga hana; en að öðru leyti ber að dæma gagnáfrýjandann sýknan af kröfum aðaláfrýjandans í máli þessu. Málskostnaður fyrir undirrjettinum virðist eptir málavöxtum eiga að falla niður, en í málskostnað fyrir yfirdóminum ber aðaláfrýjandanum að greiða gagnáfrýjandanum 40 krónur.

Þar sem talsmaður aðaláfrýjandans, sjer í lagi í málsútlistunarskjali sínu fyrir yfirdóminum, hefur farið ýmsum ósæmilegum og meiðandi orðum um gagnáfrýjandann, verður ekki komizt hjá, samkvæmt kröfu gagnáfrýjandans, að dæma talsmanninn í sekt fyrir þetta eptir L. 1.—12. og tilskipun 23. desember 1735, 2. gr., og virðist sektin hæfilega metin 10 krónur til fátækra-sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar og 10 krónur til dómsmálasjóðsins.

Því dæmist rjett að vera;

Gagnáfrýjandanum, Magnúsi óðalsbónda og verzlunarforstjóra Jónssyni, ber að greiða aðaláfrýjandanum W. O. A. Löwe kaupmanni, 1021 krónu 58 aura, en að öðru leyti að vera sýkn af kröfum hans í þessu máli. Málskostnaður fyrir undirrjettinum falli niður; í málskostnað fyrir yfirdómi borgi aðaláfrýjandinn gagnáfrýjandanum 40 krónur. Málaflutningsmanni Jóni Guðmundssyni ber að greiða í sekt til fátækra-sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar 10 krónur og til dómsmálasjóðsins 10 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 26. aprílmán.

Nr. 17/1874: Jón Jónsson, vegna hinnar íslensku samlagsverzlunar í Bergen gegn Egli kaupmanni Egilsson.

Dómur.

Mál þetta er risið út af því, að haustið 1871 var Egill Egilsson, er þá stóð fyrir verzlun í Stykkishólmi, ráðinn faktor við verzlun þá, sem hið íslenska verzlunarfjelag í Bergen átti hjer í Reykjavík, og skyldi hann taka við forstöðu verzlunar þessarar vorið 1872. Ferðaðist hann því eptir áskorun tjeðs verzlunarfjelags með fyrstu póstskeipsferð frá Reykjavík vorið 1872 til Bergen, til þess að gjöra ýmsar ráðstafanir viðkomandi þessari stöðu sinni, og kom aptur hjer til bæjarins seint í maí sama ár, og tók að verzla fyrir hönd verzlunarfjelagsins í húseign þeirri, er nefnd er Glasgow, hjer í bænum. Fór því fram um hríð; en seint í marzmánuði 1873 sagði fjelagið Egilsson upp verzlunarforstöðu hans, með hálfis árs fyrirvara, og seinna samdist svo milli hans og erindsreka fjelagsins, er var sendur hingað sama vor, að Egilsson skyldi láta af verzlunarforstöðu sinni 1. júní 1873, og fór hann þá alveg frá verzluninni. Haustið eptir höfðaði Jón landshöfðingjaritari Jónsson, fyrir hönd opt nefnds verzlunarfjelags eða «Likvidationskomite's» þess, mál á móti Egilsson út af viðskiptum hans við fjelagið, og voru rjettarkröfur hans fyrir undirrjettinum þessar: